



Ársskýrsla

Samantekt um árið 2015

Starfsáætlun 2016



Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	2
1. STOFNUN OG STOFNAÐILAR.....	3
<i>STOFNAÐILAR VISKU</i>	<i>3</i>
<i>STJÓRN OG VARASTJÓRN</i>	<i>4</i>
<i>STARFSFÓLK</i>	<i>4</i>
<i>HÚSNÆÐI</i>	<i>4</i>
2. 2. SKÝRSLUR	5
3. SAMANTEKT Á ÁRINU 2015	7
4. UM FRÆÐSLUSTARFID / SÍMENNTUN 2015	9
5. NÁMSMENN	10
6. NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF OG RAUNFÆRNIMAT	13
7. SAMSTARF OG VERKEFNI.....	15
6. STARFSÁÆTLUN 2016	17
7. FJARNÁM Á HÁSKÓLASTIGI	17
8. SAMANTEKT OG FRAMTÍÐARSÝN	18



Myndir frá vinnu við jarðhæðina apríl 2015

1. Stofnun og stofnaðilar

Viska var stofnuð í Vestmannaeyjum í janúar árið 2003. Markmiðið með stofnun VISKU – Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar í Vestmannaeyjum var að efla menntun í Vestmannaeyjum með því að standa fyrir fræðslustarfsemi sem ekki heyrir undir námsskrárbundið nám á grunn- og framhaldsskólastigi, nema sérstaklega verði um það samið. Einnig var Visku ætlað að hafa forgöngu um fræðslu og fjarkennslu á sem flestum sviðum og miðla framboði á fræðslu og fjarkennslu til almennings og atvinnulífs í Vestmannaeyjum. Þessu var Visku ætlað með því að vinna í samstarfi við aðra aðila í landinu sem sinna símenntun, endurmenntun og menntun á háskólastigi og vera í fararbroddi á nýtingu á bestu fánægri fjarkennslutækni hverju sinni.

Stofnaðilar Visku

Vestmannaeyjabær og skólar, Sparisjóður Vestmannaeyja, Ísfélag Vestmannaeyja, Vinnslustöðin hf., Tölvuskóli Vestmannaeyja ehf. (nú Tölvun), Tölvun ehf., Eyjasýn ehf., Skipalyftan hf., Drífandi stéttarfélag, Verslunarmannafélag Vestmannaeyja, (þáverandi nú VR), Stavey, starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar, Verkstjórafélag Vestmannaeyja, Sveinafélag járníðnaðarmanna (þáverandi nú FIT), Háskóli Íslands (Samstarfsnefnd HÍ og Vey), Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja, (nú Heilbrigðisstofnun Suðurlands) Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, Háskólinn á Akureyri og *Stjórnunarfélag Vestmannaeyja* sem síðar var lagt niður.

Stjórn og varastjórn

Aðalmenn

Arnar Sigurmundsson, formaður
Helga Björk Ólafsdóttir, varaformaður
Gísli Eiríksson
Gunnar Gunnarsson
Arnar G. Hjaltalín

Varamenn

Davíð Guðmundsson
Páll Marvin Jónsson
Unnur B. Sigmarsdóttir

Endurskoðandi: Deloitte ehf

Skoðunarmenn: Ólafur Elísson og Þórhildur Ragna Karlsdóttir frá síðasta aðalfundi sem haldinn var 21. maí 2015.

Starfsfólk

Stöðugildi Visku séu rúmlega tvö. Forstöðumaður Valgerður Guðjónsdóttir er í fullu starfi og Sólrún Bergþórsdóttir, náms- og starfsráðgjafi í hálfu starfi. Þjónustufulltrúi Þekkingarseturs Vestmannaeyja starfar einnig í ákveðnu stöðuhlutfalli fyrir Visku. Einnig hefur Jóhanna Lilja Eiríksdóttir komið að auknum mæli til vinnu fyrir Visku sem verktaki í umsýslu við námskeið og kennslu og frá október 2015 hefur hún verið ráðin fastan tímafjöldi á mánuði í þrif og aðra umsýslu. Frá og með 1. Ágúst 2016 er Sólrún komin í fullt stöðuhlutfall.

Húsnæði

Í skýrslu Visku fyrir árið 2015 verður gerð grein fyrir þeirri fræðslustarfsemi sem Viska Fræðslu- og símenntunarmiðstöð í Vestmannaeyjum kom að seinni hluta ársins 2015 og framan af ári 2016. Einnig verður farið yfir þær breytingar sem eiga sér stað jafnt og þétt í starfsemi sem þessari hafa áhrif á framtíðarstarfsemi símenntunarmiðstöðva. Stjórnarformaður gerir húsnæðismálum skil í sínu erindi hér á eftir.

2. Skýrslur

Nýtt og stærra húsnæði gjörbreytir starfsumhverfi Visku



Árið 2015 var mjög viðburðaríkt í starfsemi Visku. Fyrir árslok 2014 varð ljóst að Vínbúðin sem var til húsa á jarðhæð Strandvegs 50, flytti í nýtt og stærra húsnæði í ársbyrjun 2015. Eigendur efri hæða hússins, sem er leigt Þekkingarsetri Vm. og samstarfsaðilum tóku upp viðræður við eigendur jarðhæðar og sölumat var framkvæmt. Kaupum var þinglýst í lok maí 2015 og eignuðust Viska og Vestmannaeyjabær hvor um sig 50% hlut í jarðhæðinni. Eignaskipting á efri hæðum hússins er þannig að Vestmannaeyjabær er eigandi 70% og Viska 30%.

Jarðhæðin á Strandvegi 50 er tæpir 300 fermetrar, en 2. og 3.hæð um 330 fermetrar hvor hæð. Fljótlega var ákveðið að Viska tæki alla jarðhæðina á leigu undir starfsemi sína og framkvæmdir hafnar. Hluti jarðhæðar var látinn haldast óbreyttur, svo sem útidyr, starfsmannaaðstaða, snyrting og eldhús. Milliveggur sem mótaði stærð verslunarrýmis að hluta var látinn standa. Útbúa þurfti góðan og fullkominn kennslusal, eina nýja kennslustofu, tvær skrifstofur, rúmgóða aðstöðu fyrir nemendur og dyr á kennslusal sem tryggir aðgengi að efri hæðum. Miklar kröfur eru gerðar til nútíma kennslu- og skrifstofuhúsnæðis og nemendaaðstöðu og var þeim mætt í þessum breytingum. Samhliða þessum breytingum á húsnæði var stór hluti tækja- og húsbúnaðar endurnýjaður.

Nýtt húsnæði Visku var vígt 16. október 2015 að viðstöddum fjölmörgun gestum. Nýja húsnæðið er um 290 fermetrar. Eldra húsnæðið var um 150 fermetrar að meðtalinni hlutdeild í sameign. Nýtt og stærra húsnæði hefur nú þegar sannað ágæti sitt. Nú er nær öll starfsemi Visku á jarðhæðinni og lítið um að leigt sé kennsluhúsnæði og þá helst undir mjög sérhæfð námskeið. Nær helmingi stækkun húsnæðis Visku þýðir óhjákvæmilega hærri útgjöld, en eykur um leið þjónustu við viðskiptamenn. Þá er mikill kostur að starfsemin er á öll jarðhæð og gott aðgengi fyrir fatlaða.

Flutningur starfsemi Visku á jarðhæðina gerir ríkari kröfur um betri þjónustu. Á sama tíma og þessi kaup voru ákveðin var hafinn undirbúningur 3ja anna háskólanáms í Haftengdri nýsköpun í Vestmannaeyjum, sem ráðgert að hefjist haustið 2016 í samstarfi við Háskólann í Reykjavík – HR- og Háskólann á Akureyri –HA-. Leitað var til Visku og PSV hálfu HR eftir aðstöðu fyrir kennslu- og námsaðstöðu ásamt skrifstofu fyrir námsbrautarstjóra að Strandvegi 50. HR leitaði eftir aðstöðu Visku að verkefnisstjórn við háskólanámið. Samningur sem verða til tveggja ára munu helgast að því að nýta samlegðaráhrif og koma á skilvirku samstarfi um nýtingu húsnæðis og þjónustu milli HR - Visku og PSV.

Verkefni Visku vegna samninga við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins – FA- um viðurkenndar námsleiðir, náms- og starfsráðgjöf og framkvæmd raunfærnimats hafa farið vaxandi undanfarin ár. Náms- og starfsráðgjöf hjá Visku hefur verið sinnt í 50% starfshlutfalli og hefur það ekki nægt til að hægt sé að veita þá þjónustu sem til er ætlast. Stjórn Visku samþykkti nýlega að auka starfið í fullt starf frá næsta hausti. Sólrún Bergþórsdóttir sem unnið hefur þessi störf undanfarin ár með miklum ágætum mun frá byrjun ágúst 2016 fara í fullt starf. Það er mikill fengur fyrir Visku að fá Sólrúnu í fullt starf og auðveldar það alla þjónustu. Auk Valgerðar forstöðumanns og Sólrúnar koma margir að vinnu fyrir Visku. Nær öll kennsla er í verktakavinnu og kennarar koma úr ýmsum áttum innanbæjar og utan.

Þegar ákveðið var að festa kaup á jarðhæð Strandvegs 50 fyrir réttu ári lá fyrir að Vestmannaeyjabær var að ráðast í endurbyggingu vesturhúss Fiskiðjunnar sem er 4 hæða hús og hver hæð um sig um 1000 fermetrar, nema efsta hæðin sem er nokkuð inndregin. Í Viljayfirlýsingu Vestmannaeyjabæjar og Þekkingarseturs Vm. 15. apríl 2015 er 2. hæð hússins ætluð undir starfsemi ÞSV og samstarfsaðila. Húsinu er ætlað að verða miðstöð rannsókna og menntunar auk sjávarklasa, sprotafyrirtækja og háskólastarfsemi tengdri sjávarútvegi og nýsköpun. Framkvæmdir utanhúss við einangrun, gluggaskipti og klæðingu eru nú í fullum gangi. Eigandinn Vestmannaeyjabær er nýlega búinn er að selja 4. hæð hússins til einkaaðila.

Gert ráð fyrir að Vestmannaeyjabær afhendi 2. hæðina sem því næst tilbúna undir tréverk og leigi ÞSV hæðina í langtímaleigu. Þekkingarsetur Vm. eða félag á þess vegum kosti allar innréttingar og framkvæmdir innanhúss. Reiknað er með að framkvæmdir við innréttingar á 2. hæð verði boðnar út á næstu vikum.

Allt umhverfi símenntunarmiðstöðva og í framhaldsfræðslu er á sílfelldri hreyfingu. Aukið vægi raunfærnimats er þáttur í þessum breytingum. Þau skref sem verið er að stíga með námi á háskólastigi í Eyjum í Haftengdri nýsköpun, er í senn krefjandi og spennandi. Aðkoma Visku að verkefninu staðfestir einlægan vilja að taka virkan þátt í að auka fjölbreytt skólastarf í Vestmannaeyjum.

Að endingu þakka ég stjórnarfólki og starfsfólki Visku fyrir ánægjulegt samstarf á viðburðaríku ári.

Vestmannaeyjum 12. maí 2016

Arnar Sigurmundsson, form. stjórnar Visku



Myndir vinnustofu með Sossu í apríl 2016

3. Samantekt á árinu 2015

3.1. Styrkir og vildargjöld 2015

Á fjárlögum fyrir árið 2015 fékk Viska, Fræðslu- og símenntunarmiðstöð í Vestmannaeyja úthlutað styrkjum til reksturs og háskólanámsins og til ýmissa fræðsluverkefna, eins og kennslu námsskráa Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Sjá nánar í töflu 1.

Framlag frá	Verkefni	Styrkupphæð
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Rekstur Visku og háskólanám	21.700.000,-
Fræðslusjóður	Náms- og starfsráðgjöf	2.800.000,-
Fræðslusjóður	Raunfærnimat	9.949.200,-
Fræðslusjóður	Vottaðar námsleiðir	12.000.000,-
Fjölmennt	Námskeið fyrir eistakl. m/fötlun	1.500.000,-
Samtals:		47.949.200,-

Tafla 1. Taflan sýnir helstu framlög og styrki til Visku árið 2015.

3.2 Mennta- og menningarmálaráðuneytið - framlög

Á Fjárlögum 2015 fékk Viska, Fræðslu- og símenntunarmiðstöð í Vestmannaeyjum samtals 21,7 milljónir króna, samkvæmt samningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið sem undirritaður var í desember 2014. Í samningnum segir um meginmarkmið, að Viska mun: „vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð í Vestmannaeyjum; greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa. Viska skal veita þjónustu á sviði framhaldsfræðslu og þróa hana meðal annars í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila vera með fjarnáms- og kennsluaðstöðu, vegna framhaldsfræðslu og þjónustu við nemendur á framhaldsskóla- og háskólastigi eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir. Miðað er við að minnst 66% framlags skv. samningi fari í reglubundinn rekstur framhaldsfræðslu, sbr. 9. gr. laga um framhaldsfræðslu“¹

¹ Úr samningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið árið 2012.

3.3 Framlög Fræðslusjóðs

Árið 2015 gerði Viska samstarfssamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um kennslu vottaðra námsleiða og um verkefni tengt náms- og starfsráðgjöf. Framlög Fræðslusjóðs vegna vottaðra námsleiða námu 12.000.000 kr.

Viska gerði einnig samning við FA vegna náms- og starfsráðgjafar. Samningurinn hljóðaði upp á 2.800.000 kr. og til raunfærnimats kr. 9.949.000 en inni í þeirri tölu er fjármag sem færðist milli ára frá 2014.

3.4 Aðrir samstarfsaðilar

Viska hefur átt gott samstarf við hina ýmsu fræðslusjóði s.s. stéttarfélögin í Vestmannaeyjum, Starfsafl, Landsmennt, Sveitamennt, Sjómennt og Ríkismennt, svo einhverjir séu nefndir. Reynt hefur verið að haga málum þannig að sem einfaldast sé fyrir þá einstaklinga sem hafa sótt námskeið hjá Visku að sækja í þá styrki sem þeir hafa rétt á.

Viska á í samstarfi við ýmsa aðila auk þeirra sem hér hafa verið taldir upp á undan. Má þar nefna Vinnumálastofnun á Selfossi, Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum, Nýsköpunarmiðstöðvar og fleiri. Starfsorka var stofnuð 23. Janúar 2010 af Visku, Lífeyrissjóði Vestmannaeyja, stéttarfélögum, Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja, Vestmannaeyjabæ og fleirum. Viska átti gott samstarf við Starfsorku í gegnum árin. Því miður gekk starfsemi Starfsorku ekki sem skyldi eftir að Virk endurhæfingasjóður hætti að greiða framlag sitt til Starfsorku. Starfsemin aflagðist á vordögum 2015 og óvíst er um framhald.

3.5 Húsnæði og búnaður

Viska hefur sem fyrr aðsetur í þekkingasetri Vestmannaeyja að Strandvegi 50, en nú á 1. hæð. Starfsemi á fyrstu hæð hófst 16. október sl. þegar Viska flutti inn í fyrrum húsnæði Vínbúðarinnar. Alls hefur Viska til umráða í Setrinu tvær skrifstofur og tvær stærri kennslustofur, auk aðgengi að þriðju stofunni á þriðju hæð. Stórbætt aðstaða er fyrir námsmenn sem kjósa að stunda nám sitt í húsnæði okkar. Stjórnarformaður hefur farið yfir ferli húsnæðismála í skýrslu sinni hér fyrr og verður það ekki tíundar hér frekar.

3.6 Sí- og endurmenntun

Námskeiðahald sl. haust hófst með útgáfu námsvísis, sem var innbláð í Eyjafréttum og kynningu tengdri útgáfunni. Námsvísar Visku eru gefnir út tvisvar á ári með ýmsu sniði auk þess sem Facebooksíða Visku verður jafnt og þétt virkasti auglýsingamiðillinn. Heimasíða Visku virðist ekki ná jafn mikilli virkni og facebooksíðan gerir. Námskeiðahald hefur verið afar blómlegt í vetur og er óhætt að segja að líf og fjör hafi verið í starfseminni.

4. Um fræðslustarfið / símenntun 2015

Árið 2015 gaf Viska út tvo auglýsingabæklinga í janúar og september í báðum tilfellum bornir í hús með Eyjafréttum. Í Námsvísi Visku var þjónusta Visku kynnt fyrir íbúum í Vestmannaeyjum ásamt upplýsingum um námskeið.


Í þessum kafla eru myndrænar lýsingar á fjölda námskeiða og námsmanna 2015 samanborið við árin þar á undan.

4.1. Gæðahandbók


Gæðahandbók Visku lýsir stjórnskipulagi og stefnu fyrirtækisins ásamt þeim ferlum sem notaðir eru til að uppfylla gæðamarkmið fyrirtækisins. Uppfærsla gæðahandbókar fer fram eftir úttekt sem fram fer árlega. Ýmis skjöl hafa verið uppfærð og ný búin til. Vinna við gæðahandbókina miðar að því að til sé sameiginlegur þekkingarbrunnur fyrir starfsmenn og stjórnendur sem auðveldar utanumhald og yfirsýn verkefna. Vinna við styttingu gæðahandbókar er hafin en ekki hefur tekist að fullklára þá vinnu. Í lok hvers árs er viðhaldsúttekt BSI vegna gæðavottunar samkvæmt evrópska gæðamerkinu EQM (European Quality Mark). Ekki hefur verið gerð úttekt á árinu 2015 og er framundan að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins auglýsi eftir úttektaraðilum á árinu 2016.

4.2 Námskeið

Námskeiðin eru talin á hverri önn fyrir sig, annars vegar á vorönn og hins vegar á haustönn. Þau námskeið sem ná yfir árásmót eða sumarfrí teljast því sem tvö námskeið (fyrri hluti og seinni hluti). Árið 2015 voru haldin 38 námskeið, sem dreifðust á tvær annir. Eitt af þeim námskeiðum héldum við á Þórshöfn fyrir Ísfélagið fyrir nýliða í fiskvinnslu og er það annað skipti sem þetta er gert í samstarfi við Þekkingarnet Þingeyinga. Á mynd eitt má sjá þróun fjölda námskeiða frá upphafi. Mynd tvö sýnir hvaða námskeiðsflokkar voru haldnir og fjölda þátttakenda.




Mynd 1. Fjöldi námskeiða hjá Visku á árunum 2003-2016



Mynd 2. Fjöldi námskeiða á árinu 2015 eftir námskeiðsflokkum

5. Námsmenn

Ef við kíkjum hins vegar á töflu um þróun nemendastunda þá má sjá að fjöldi þeirra hefur vaxið síðustu árin. Námskeiðsstundirnar (kennslustundir) á árinu 2015 eru 1.214 alls en eins og mynd þrjú sýnir eru nemendastundirnar 33.930 alls. Við gátum þess í ársskýrslu síasta árs að nemendastundir hefðu verið í hámarki 2012 og 2013 og þar hefðu ráðið fiskvinnslunámskeið og Menntastöðir. Hér ráða meðstu fiskvinnslunámskeið og nýliðanámskeið í fiskvinnslu.




Mynd 3. Þróun nemendastunda á árunum 2004-2016

Kenndar nemendastundir eru mælikvarði á umfang fræðslustarfs. Sá mælikvarði fæst með því að margfalda fjölda nemenda á hverju námskeiði með fjölda kenndra kennslustunda á sama námskeiði. Flestar nemendastundir eru kenndar í flokknum námsleiðir FA. Það er ákaflega eðlilegt í ljósi þess að þær námsleiðir eru jafnan lengstu kenndu námskeið í miðstöðvunum hverju sinni. Árið 2015 voru það fiskvinnslunámskeiðin sem hleypta þessari tölu upp í að við höfum aldrei kennt eins margar nemendastundir eins og á síðasta ári.




Frá ljósmyndasýningu Sigurgeirs 2016 Kynning á Haftengdri nýsköpun 2016

Að vanda látum við hér fylgja með mynd af kynjahlutfalli á námskeiðunum og það er gömul saga og ný að konur eru í meirihluta þeirra sem sækja sér sí- og endurmenntun. Milli ára virðist sem körlum fjölgi hjá okkur en þegar farið er ofan í tölurnar og hvers konar námskeið hafa verið haldin kemur í ljós að þar hafi verið um lyftaranámskeið eða öryggisnámskeið og í smiðjum eins og suðusmiðju síðasta árs sem hækka hlutfallið inn á milli.




Myndir 4 og 5 . Kynjaskipting á námskeiðum 2003 og fram til vors 2016

Námskeið Visku 2015 eru flokkuð í fimm flokka. Námsleiðir síðasta árs voru um leið starfstengd að mestu. Fiskvinnsla og TIG/MIG suða skipa stóran sess og um leið breyta hlutfalli karla og kvenna. Á vorönn 2016 hafa menningarnámskeiðin verið fjölmenn en ekki löng. Sum tómstundanámskeið eru jafnframt starfstengd fyrir suma og getur haft áhrif á myndir. Námsleiðin Opin smiðja, teikning er þannig starfstengd fyrir einstaklinga sem starfa við tækniteiknun eða myndlistarkennslu en tómstundanámskeið fyrir aðra og sama er að segja um Opna smiðju, suða. Myndir sex og sjö sýna annars vegar þátttöku eftir flokkum og svo nemendastundir eftir flokkum.




Mynd 6. Myndin sýnir fjölda námsmanna eftir námsflokkun



Mynd 7. Þróun nemendastunda eftir námskeiðum 2015-2016

Árið 2015 voru námsmenn á námskeiðum í Visku 395 að tölu, en á vorönn 2016 hafa þeir náð 364. Nemendastundirnar hafa þar á móti aldrei verið fleiri.




Mynd 8 sýnir fjölda námsmanna frá upphafi.

6. Náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat

Náms- og starfsráðgjöfin á síðastliðnu ári einkenndist af töluverðum sveiflum. Á fyrri hluta ársins voru óvenju fáir sem sóttu eftir ráðgjöf. Undanfarin ár hefur ráðgjöfin verið töluvert tengd þeim námsleiðum og raunfærnimati sem Viska hefur verið með í gangi. Á síðastliðnu ári var minna í gangi á þessum hluta ársins og má ætla að það skýri þessa lægð. Hins vegar snerist þetta við um haustið þegar verkefnið Sjósókn, sem er samstarfsverkefni Visku, Símeysjar, lðan, Mímis og MSS, fór á fullt. Þar var boðið upp á raunfærnimat í ýmsum greinum og var nokkuð mikill áhugi á því. Töluverð ráðgjöf tengdist raunfærnimati í skipstjórn. Hún fór nokkuð mikið fram í gegnum síma og tölvupóst því að þátttakendur komu víðsvegar að af landinu og voru þar að auki oft á tíðum á sjó. Það gat því verið erfitt að halda nægu ráðgjafasambandi við þá. Nokkur áhugi var einnig á meðal heimamanna fyrir raunfærnimati í ýmsum iðngreinum og fiskvinnslu/veiðum. Þar var auðveldara að vinna með ráðþegum, eðli málsins samkvæmt, og gekk vel að virkja þá og byggja þá upp fyrir matið. Þar sem að í boði voru matsviðtöl í gegnum skype fékkst tækifæri til að fylgja ráðþeganum í gegnum allt ferlið og reyndist það dýrmætt því að eftirfylgnin reyndist töluverð. Árangurinn var sá að margir þeirra skráðu sig í nám og eru nú á fullu í fjarnámi t.d. í netagerð og húsasmíði. Þátttakendurnir leita enn í ráðgjöfina því langt er síðan menn voru í námi og þurfa stuðning við fyrstu skrefin. Er mjög ánægjulegt að sjá hvað þessi þjónusta hefur haft jákvæð áhrif á líf þessara einstaklinga. Á meðal þeirra er t.d. einstaklingar á sextugsaldri sem nú eru ákveðnir í að ná sér í réttindi.

Töluverð afföll urðu á fjölda þátttakenda í raunfærnimatinu í skipstjórn sem fór í gegnum matsviðtalið, og má skýra það að hluta til hve erfitt það er að byggja upp gott ráðgjafasamband hjá þessum hópi. Í þetta skipti jukust erfiðleikarnir við það að fleiri en einn ráðgjafi var að vinna með þátttakandann. Ef þessi hópur er borinn saman við hinn er ljóst að mínu mati að best er ef einn og sami ráðgjafinn fylgi þátttakanda frá upphafi til enda ferlisins og að huga þurfi betur að leiðum til að styrkja ráðgjafasambandið við sjómenn. Viðtöl í gegnum skype gætu mögulega styrkt sambandið, en ekki er víst

að auðvelt verði að framkvæma slíkt á sjó vegna slaks netsambands sem margir bátar virðast vera að glíma við.



Mynd 9 . Fjöldi ráðgjafaviðtala hjá Visku á undanförunum árum

Virðingarfyllst
Sólrún Bergþórsdóttir
Náms- og starfsráðgjafi hjá Visku



Myndir teknar úr starfseminni á haustönn 2015

7. Samstarf og verkefni

7.1 Kvasir og Leikn

Viska er aðili að Kvasi- samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á Íslandi. Samtals eru stöðvarnar ellefu að tölu og mynda þær þétttriðið net hringinn í kringum landið.



Í stjórn Kvasis fyrri 2015 sátu Smári Haraldsson formaður, Ísafirði, Inga Dóra Halldórsdóttir gjaldkeri, Vesturlandi, og Erla Björg Guðmundsdóttir ritari, Akureyri. Á vörfundi 2016 voru kosnir í stjórn Sólveig Hildur Björnsdóttir, Framvegis og Guðrún Á Jónsdóttir, Austurbrú. Forstöðumenn innan Kvasis funduðu reglulega á árinu auk hefðbundinna vor- og haustfunda. Vorfundur Kvasis var haldinn í Reykjavík og haustfundurinn var í Vestmannaeyjum.

Mynd 11. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni og í Reykjavík. Rautt táknar „aðalstöð“ og blátt táknar námsver og námsstofur.

Heimasíða Kvasis er: www.fraedslumidstodvar.is Þar má meðal annars lesa árskýrslur samtakanna. Á mynd 11 má sjá hvar stöðvarnar eru staðsettar á landinu.

Viska er aðili að Leikn, en Leikn eru samtök fullorðinsfræðsluaðila (framhaldsfræðslu) á Íslandi. Formaður Leiknar var Hulda Anna. Auk hennar eru í stjórn Leiknar Eyrún Björk Valsdóttir, Guðrún Lárusdóttir, Hulda Anna Arnljótsdóttir og Iðunn Antonsdóttir. Heimasíða Leiknar er: www.leikn.is

7.2 Tímabundin verkefni

Viska er aðili að verkefni sem kallast Sjósókn, Tækifæri og áskoranir í íslenskum sjávarútvegi. Markmið þessa verkefnis, er að efla menntun sjómanna og hækka menntunarstig þeirra. Raunfærnimat og leiðir til að stunda nám í Menntastöðum óháð nettengingu er hluti af verkefninu. Verkefninu er stýrt af SÍMEY en Viska er samstarfsaðili og ber ábyrgð á raunfærnimati í skipstjórn í verkefninu. Ljóst var þegar líða tók á árið að verkefnið hefði átt að vera til tveggja ára. Þegar líða tók á árið fundum við að einstaklingar í skimun skiluðu sér ekki alla leið til mats og vildu frestun. Varð það því úr að Viska ákvað að skila inn hluta þess framlags sem veitt var til raunfærnimats í skipstjórn en vinnur áfram með hluta. Á vordögum 2016 hefur aðsókn til raunfærnimats í skipstjórn aukist.

Árið 2013 hófst norrænt verkefni um lesblindu meðal fullorðinna, sem kallast Ordinord. Verkefninu lauk vorið 2015. Sótt hefur verið um styrk til Nordplus vöksen um framhald á því verkefni. Þar er ekki aðeins ætlunin að fjalla um lesblindu sem hindrun, heldur líka geðrænar

hindranir og ADHD. Sömu aðilar eru með í verkefninu utan þess að nýr aðili verður með frá Svíþjóð og Litháen er með. Ljóst verður í júní hvort verkefninu verður veittur styrkur.

Í samvinnu við Fjölmennit – fullorðinsfræðslu fatlaðra voru haldin tölvunámskið, matreiðsla og íþróttaskóli. Tókust þessi námskeið afar vel og stefnt er á að halda þessu samstarfi áfram.

7.3 Aðrir samstarfsaðilar

Viska var í góðu samstarfi við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum. FÍV hefur séð um að votta framhaldsskólalæningar þar sem það á við og leiðbeinendur á lengri námskeiðum Visku koma einnig einhverjir þaðan. Leiðbeinendur koma einnig frá Grunnskóla Vestmannaeyja og víðar.

Viska er í samstarfi við háskólana og endurmenntunardeildir þeirra. Viska auglýsir það fjarnám sem er í boði til Vestmannaeyja á heimasíðu sinni.

7.4 Vinnumálastofnun

Viska og Vinnumálastofnun Suðurlands voru í samstarfi á árinu um fundaaðstöðu fyrir Vinnumálastofnun. Eftir að VMST lokaði skrifstofu sinni hér í Eyjum hafa fulltrúar frá þeim komið til Eyja með reglulegu millibili til að hitta skjólstæðinga sína. Heldur hefur atvinnulausum í Eyjum fjölgað í vetur og því þörf á að bjóða upp á úrræði fyrir þann hóp. Viska hélt nokkuð langt námskeið sem kallast Sterkari starfsmaður fyrir VMST á vordögum 2016. Annars hafa einstaklingar frá þeim verið inni á almennum námskeiðum hjá Visku. Þegar atvinnuleysið var sem mest þá þjónustaði Viska atvinnuleitendum og það hefur nú aukist aftur því við aukna þörf. VMST sér þó alfarið um viðtöl en Viska tekur þátt í úrræðum.

7.5 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Viska undirritaði samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins árið 2006 um samstarf á sviði fullorðinsfræðslu um að veita fólki á vinnumarkaði með litla formlega menntun og bættu stöðu á vinnumarkaði. Samstarfið hefur orðið þess valdandi að Visku hefur verið gert kleift að bjóða upp á nám fyrir einstaklinga og atvinnulífið þar sem kostnaður við námið hefur verið niðurgreiddur af menntamálaráðuneytinu. Einnig hefur verið gerður samningur um náms- og starfsráðgjöf á vinnustað og raunfærnimat. Ráðgjöfin hefur gegnið vel sem og námsleiðirnar. Raunfærnimat er þáttu sem erfiðara er að henda reiður á.

7.6 Menntabruin, FS net og kerfisleiga

Árið 2011 var tekin í notkun ný Menntabruin vegna háskólanámsins sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið fjármagnaði. Langflestir fjarfundir (kennsla fjarnemenda frá HA) fóru fram í gegnum nýju Menntabruinu. Ef aðstoð þurfti var leitað til Jóhanns Ingólfssonar hjá Farskólanum.

8. Starfsáætlun 2016

Í fylgiskjali má sjá rekstraráætlun Visku fyrir árið 2016. Að öðru leyti fer stjórnarformaður Visku, Arnar Sigurmundsson yfir rekstraráætlun Visku og henni því ekki gerð ítarlegri skil hér.


8.1 Námskeiðahald

Námskeiðahald árið 2015 var blómlegt og skemmtilegt það má því segja að það hafi verið fjör í Visku. Svo virðist sem aðsókn sé eitthvað sem er misjafnt eftir árferði. Árið 2015 var ekki mikil aðsókn á tómstundanámskeið hjá neinni símenntunarmiðstöð á landinu. Ýmsar kenningar eru um þar eins og harður vetur, löng vertíð og að Youtube sé að leysa símenntunarmiðstöðvarnar af hólmi með kennslu tómstunda. Vorið 2016 hafa tómstunda – og menningarnámskeið verið í bland við starfstengd námskeið og námsleiðir. Önnin hefur farið vel af stað og við hlökkum til haustsins.

9. Fjarnám á háskólastigi

Nemum í grunnnámi á háskólastigi hefur nú fjölgað aftur jafnt og þétt en greinum sem kenndar eru í fjarnámi ekki beinlínis fjölgað. Það er miður að háskólar á Íslandi skuli ekki sjá sóma sinn í að bjóða upp á fleiri greinar í fjarnámi en raun ber vitni. Fjarnám breytist eðlilega og um þessar mundir fer það að mestu fram í tölvu hvers og eins heima en ekki í fjarfundabúnaði nema fáeinar greinar. Fjarnemar nýta í stórauðnum mæli húsnæði Visku til námsaðstöðu og próftöku. Við flutning niður á fyrstu hæð getum við komið til móts við þörf fjarnema fyrir aðstöðu til náms. Á árinu 2015 margfaldaðist fjöldi einstaklinga í próftöku hjá Visku eins og sjá má á mynd 11.

Árið 2008 voru enn nemendahópar í t.d. kennaranámi og leikskólakennaranámi. Síðan þá hafa hóparnir ekki verið jafn stórir en fleiri í fjarnámi á háskóla og skipstjórnarstigi. Raunfærnimat í skipstjórn er að fjölga nemendum sem stunda dreifnám frá Skipstjórnarskólanum. Einnig eru á hverju ári nokkuð margir í námi í einkaþjálfun frá Keili.



Mynd 11 sýnir þróun próftöku hjá Visku síðustu ár.

10. Samantekt og framtíðarsýn



Starfsárið 2015 var viðburðaríkt hjá Visku. Sveigjanleiki hefur verið lykilatriði í starfsemi Visku frá upphafi og starfsemin tekið mið af kröfum samfélagsins hverju sinni. Nú eftir að ákveðið hefur verið að hefja nám í Haftengdri nýsköpun í Eyjum kemur krafa frá samfélaginu og skólanum að undirbúa nemendur til náms. Flutningur niður á jarðhæð hefur það í för með sér að heimsóknum til forstöðumanns hefur fjölgað af fólki sem „dettur inn af götunni“ með hugmyndir eða til skrafs og ráðagerða.

Menntastoðir er námsleið fyrir fullorðna til að nálgast frumgreinadeildir og í framhaldi háskólanám. Í haust er áætlað að hefja nám í Menntastoðum í samstarfi við Fræðslunet Suðurlands og hugsanlega Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Námið verður þá kennt með dreifnámssniði þar sem kennsla fer að hluta fram hér hjá okkur og að hluta í gegnum fjarfundabúnað.

„Í Menntastoðum var ég í dreifnámi sem þýðir að ég var í náminu einn dag í viku og tók það með vinnu,“ nemi í námi hjá Mími. Síðan Mímir-símenntun hóf að útskrifa nemendur af þessari námsbraut hafa m.a. 84 nemendur haldið áfram í frumgreinadeild Háskólans í Reykjavík og aðrir í Háskólabró hjá Keili og Háskólagátt á Bifröst. Þetta eru helstu frumgreinadeildirnar sem taka við nemendum eftir Menntastoðir.

Með aukinni tæknivæðingu, flóknari störfum og auknum kröfum eykst stöðugt þörfin fyrir þekkingu. Því er talið mikilvægt að fólk afli sér menntunar til að auka lífsgæði sín og stuðla að nýsköpun og verðmætaaukningu. Með menntun verður fólk hæfara í að tileinka sér nýja þekkingu og færni og getur nýtt sér þær tækninýjungar sem nútímasamfélag krefst. Menntun er talin vera undirstaða góðra lífskjara

Viska og Fræðslunet Suðurlands stefna jafnframt að því að bjóða í framhaldi upp á Háskólagátt eða Háskólabró að ári liðnu. Samstarf milli stöðva eykur möguleika okkar á að bjóða upp á nám því þá er lágmarksfjöldi á hverjum stað ekki eins mikil hindrun og annars.

Það eru spennandi tímar framundan í framhaldsfræðslunni og gnótt verkefna. Atvinnulífið hefur sóst eftir aukinni verk- og tæknimenntun og ljóst að við verðum að verða við því kalli á símenntunarsviðinu. Starfsfólk Visku og stjórn munum leitast við að standa vörð um sveigjanleika í námi áfram sem hingað til og taka hverjum einstaklingi þar sem hann er staddur.

Undanfarið hefur Viska fest sig enn betur í sessi sem valkostur í námi fullorðinna. Markvisst hefur verið unnið að því að koma á framfæri þeim áherslum sem miðstöðin stendur fyrir og þeim fjölbreyttu námstækifærum sem boðið er uppá innan veggja Visku. Markmiðið er að styrkja þá mynd í hugum fólks að Viska sé skóli þar sem fullorðnir námsmenn hafa tækifæri til þess að nema og efla færni sína á tilteknum sviðum. Allt framboð hjá okkur er þó háð fjármagni frá Fræðslusjóði.

Síðastliðið ár hefur verið flókið hvað það varðar þar sem ný stjórn Fræðslusjóðs hefur hert úthlutunarreglur sem og hleypt fleirum að borðinu og gæti það haft áhrif á starfsemi stöðvanna á næstu árum.

Vestmannaeyjum 19. maí 2016

Valgerður Guðjónsdóttir forstöðumaður



Mynd tekin við heimsókn bara í Visku á öskudegi

Rekstraráætlun Visku 2016

Tekjur:

Rekstrarframlag á fjárlögum 2016	kr. 22.200.000
Samningar v/FA um vottaðar námsleiðir	kr. 9.600.000
Samn. v/FA - náms- og starfsráðgjöf	kr. 2.700.000
Samningar v/FA v/ raunfærnimats	kr. 10.051.000
Námsleiðir þátt.gjöld	kr. 3.000.000
Samningur við Fjölmennt v/námskeiða	kr. 1.500.000
Íslenskukennsla fyrir útlendinga	kr. 3.000.000
Almenn námskeið – þátt. gjöld.	kr. 2.000.000
Aðrar tekjur	kr. 500.000
Fjármagnstekjur -nettó-	kr. 1.600.000

Samtals tekjur	Kr. 56.151.000
----------------	----------------

Gjöld:

Laun og annar starfsmannakostnaður	kr. 19.500.000
Grunnleiga vegna jarðhæðar Strandvegs 50	kr. 3.000.000
Ljós, hiti, ræsting og þjónustuskrifstofa	kr. 4.300.000
Þóknun til stjórnar & varastj.m/launat.	kr. 2.500.000
Námsleiðir, námskeið, raunfærnimat	kr. 16.500.000
Rekstur, FS net og viðh.upplýsingakerfa	kr. 3.000.000
Bókhald, endurskoðun, ofl.	kr. 1.500.000
Gjaldfærður stofnbúnaður	kr. 2.000.000
Annar kostnaður	kr. 2.000.000

Samtals rekstrargjöld og stofnbúnaður	kr. 54.300.000
Tekjur umfram gjöld	kr. 1.851.000

Rekstraráætlun Visku 2016, rekstrartekjur, útgjöld og stofnbúnaður var tekin til umræðu og afgreiðslu og var samþykkt á stjórnarfundi 28. janúar 2016.

Vestmannaeyjum 28. janúar 2016 – Arnar Sigurmundsson.